

102
30. sept.

REGLUGERÐ

um rafmagnsdeild vélstjóraskólans í Reykjavík.

Samkvæmt 8. gr. í lögum nr. 23, 19. maí 1930, um stofnun rafmagnsdeildar við vélstjóraskólann í Reykjavík, er hér með sett eftirfarandi reglugerð fyrir rafmagnsdeild vélstjóraskólans í Reykjavík.

I. KAFLI

Um inntökuskilyrði, kennslu o. fl.

1. gr.

Markmið rafmagnsdeildarinnar er að búa lærisveinana undir rafmagnspróf.

2. gr.

Skilyrði fyrir inntöku í 1. bekk rafmagnsdeildarinnar eru:

1. Að lærisveinninn hafi óflekkað mannorð.
2. Að hann sé ekki haldinn af neinum næmum sjúkdómi eða öðrum kvilla, sem geti orðið honum til talmunar við starf hans eða skaðlegur hinum nemendunum.
3. Að hann hafi unnið við raflagnir og rafvélar í 3 ár eftir 15 ára aldur hjá þeim rafvirkjameisturum, er stjórnarráðið tekur gilda, og hafi kunnáttu, sem samsvari fullnaðarprófi Iðnskólans í Reykjavík.

3. gr.

Skilyrði fyrir inntöku í 2. bekk rafmagnsdeildarinnar eru: Að lærisveinninn hafi staðizt 1. bekkjarpróf deildarinnar, eða að hann hafi náð vélstjóraprófi.

4. gr.

Beiðni um inntöku í rafmagnsdeildina skal send forstjóra vélstjóraskólans, skal það vera eiginhandar umsóknarskjal, stílað til stjórnarráðsins. Inntökubeiðninni skulu fylgja vottorð um að þeim skilyrðum sé fullnægt, sem talin eru í 2. gr. eða 3. gr. þessarar reglugerðar. Forstöðumaður skólans sendir stjórnarráðinu inntökubeiðnirnar og skýrir jafnframt stjórnarráðinu frá því, hvort áskilin vottorð séu til hans komin í lagi.

5. gr.

Skólaárið hefst 1. október og endar 30. september.

6. gr.

Þessi skulu vera lögboðin leyfi:

1. Jólaleyfi, er nær frá 23. degi desember til 2. dags janúarmánaðar að báð-

um dögum meðtöldum. Beri 2. janúar upp á sunnudag, skal kennslan byrja næsta þriðjudag eftir.

102
30. sept.

2. Páskaleyfi, er nær frá miðvikudegi fyrir skírdag og til þriðja í páskum að báðum þessum dögum meðtöldum.
3. Sumardagurinn fyrsti.
4. Sumarleyfi er frá afloknum prófum að vori til 30. september.
5. Mánaðarleyfi, eins dags, getur skólustjóri veitt þá mánuði, sem leyfi samkvæmt 1—4 ekki falla á.

7. gr.

Reglusemi:

1. Lærisveinarnir skulu vera komnir í skólann á hverjum degi áður en kennslustundir byrja.
2. Geti lærisveinn eigi sótt kennslustund sakir veikinda eða af öðrum ástæðum, ber að tilkynna forstöðumanni skólans það. Geti lærisveinn ekki vegna veikinda sótt kennslustundir í 2 daga, ber að tilkynna forstöðumanni það skriflega og færa ástæður fyrir.
3. Í frímínútonum má enginn hávaði eiga sér stað í kennslustofunum.
4. Tóbaksreykingar eru stranglega bannaðar alstaðar í skólanum.
5. Lærisveinar skulu fara vel með muni skólans og áhöld. Skemmist eða glatist nokkuð af munum eða áhöldum skólans fyrir vangá eða kæruleysi þeirra, skulu þeir greiða fullar bætur fyrir.
6. Lærisveinar mega ekki fara út í kennslustund án leyfis hlutaðeigandi kennara eða forstöðumanns.
7. Skipti lærisveinn um bústað, ber honum að tilkynna forstöðumanni skólans það.

8. gr.

Í rafmagnsdeildinni eru tveir bekkir: 1. bekkur og 2. bekkur. Í 1. bekk skulu kennslustundirnar vera 30 á viku: 9 í stærðfræði, 6 í eðlisfræði, 3 í vélfræði, 4 í teikningu, 5 í íslenzku, 3 í dönsku. Í 2. bekk skulu kennslustundirnar vera 30 á viku og auk þess allt að 6 stundir til verklegra æfinga.

Á milli hverra tveggja samliggjandi kennslustunda skal vera 10 mínútna hlé.

9. gr.

Forstöðumaður vélstjóraskólans skal hafa á hendi alla umsjón með rafmagnsdeildinni og annast útvegum á öllu því, er þarfnast í deildinni. Hann skal og ráða stundakennara, skipa fyrir um fyrirkomulag kennslunnar og semja stundatöflu, er stjórnarráðið samþykkir fyrir hvert skólaár.

10. gr.

Öll nauðsynleg áhöld, sem nota þarf við kennsluna í deildinni, leggur skólinn til, en sjálfir skulu lærisveinar kosta bækur þær og áhöld, sem þeir þurfa við námið.

102

30. sept.

Forstöðumaður skal rita í bók, sem til þess verður útveguð, nöfn, fæðingarsað, -dag og -ár þeirra lærisveina, sem koma í rafmagnsdeildina. Í bókinni skal og geta þeirra, er próf taka, og prófeinkunna þeirra; ennfremur skal og geta þess, hvenær þeir fara úr deildinni, er fara kynnu úr henni af einhverjum ástæðum án þess að ljúka burtfararprófi. Bók þessi skal ávallt geymd í vélstjóraskólanum.

11. gr.

Að afloknum prófum skal forstöðumaður senda stjórnarráðinu greinilega skýrslu um kennsluna og prófið, ennfremur leggja fram reikninga með fylgiskjölum.

II. KAFLI

Um prófin.

13. gr.

1. bekkjarpróf og burtfararpróf skal haldið í vélstjóraskólanum í Reykjavík hvert ár.

14. gr.

Allir námssveinar 1. bekkjar mega ganga undir 1. bekkjarpróf, og þurfa þeir eigi að senda skriflega beiðni um það. Aðrir, sem óska að ganga undir 1. bekkjarpróf, skulu afhenda forstöðumanni vélstjóraskólans eiginhandar umsóknarskjal, stílað til stjórnarráðsins, þess efnis að þeim verði leyft að ganga undir prófið. Umsóknarskjalinu skulu fylgja öll nauðsynleg vottorð, og skal það afhent 4 vikum fyrir prófið.

Allir námssveinar 2. bekkjar mega ganga undir burtfararpróf, og þurfa þeir eigi að senda skriflega beiðni um það. Aðrir, sem óska að ganga undir burtfararprófið, skulu afhenda forstöðumanni skólans eiginhandar umsóknarskjal, stílað til stjórnarráðsins um að mega ganga undir prófið. Skjalinu skulu fylgja öll nauðsynleg vottorð, þar á meðal vottorð um, að umsækjandinn hafi notið fullrar kennslu í námsgreinum þeim, sem próf er haldið í, og skal það afhent 4 vikum fyrir prófið.

15. gr.

Á tilteknum degi og stundu skulu prófsveinar mæta í prófstofunum og hafa með sér öll nauðsynleg teikniáhöld, skriffæri, mælistiku og reiknistokk eða logaritma-töflu. Hver prófsveinn dregur í byrjun prófsins sitt tölunúmer, sem hann hefir meðan prófið stendur yfir.

16. gr.

1. bekkjarprófið er skriflegt og munnlegt, en burtfararprófið er skriflegt, munnlegt og verklegt. Prófin skulu haldin af prófnefnd, sem er skipuð for-

stöðumanni vélstjóráskólans og 2 mönnum öðrum, sem stjórnarráðið setur til þess í hvert skipti. Einn af ofangreindum mönnum, þó ekki forstöðumann skólans, skipar stjórnarráðið sem oddvita prófnefndar. 102 30. sept.

17. gr.

Hinir skipuðu prófdómendur velja verkefni, en kennari í hverri grein heldur hið munnlega og hið verklega próf. Verkefnin til hins skriflega prófs skulu þeir afhenda í lokuðu umslagi í byrjun hvers úrlausnartíma, og er það hið sama fyrir alla prófsveina, sem eru í sama úrlausnartíma.

18. gr.

Hvert skriflegt verkefni, að undanskilinni teikningu og íslenskum stíl, skal innihalda tvö eða fleiri dæmi í sömu fræðigrein. Á verkefnisseðlunum sé tekið fram, hve langur tími sé veittur til svara. Verkefnin skulu undirrituð af prófnefndinni.

Efst á uppkasts- og hreinskriftarpappír þeim, sem brúkaður er við skriflegu verkefnin, skrifar prófsveinn nafn sitt og tölunúmer, einnig númer verkefnisins.

Aðeins þann pappír, sem stimplaður er með stimpli vélstjóráskólans má nota.

Hinar hreinskrifuðu úrlausnir verða að vera skýrt skrifaðar og undirritaðar af prófsveini áður en hann afhendir þær, en eftirlitsmaðurinn ritar á þær, hvenær afhending fór fram.

Úrlausn verkefnisins verður dæmd eftir hinu hreinskrifaða skjali; á það verður að skrifa allan útreikning til skýringar verkefninu.

Þær teikningar sem heimtaðar verða, skulu vandlega gerðar, og ef þörf þykir skal þeim fylgja stutt lýsing.

Án sérstaks leyfis mega prófsveinar ekki hafa kennslubækur eða önnur slík hjálpartæki með sér inn í prófstofuna.

19. gr.

Munnlegu og verklegu verkefnin skulu tiltekin af hinum skipuðu prófdómendum í samráði við hlutaðeigandi kennara, og skrifuð á seðla tveim fleiri en prófsveinar eru.

Hver prófsveinn dregur seðil eftir röð.

20. gr.

Nú þykir prófsveini eitthvað ógreinilegt í verkefninu, og getur hann þá snúið sér til eftirlitsmanna.

Álíti prófsveinn, að fyrir hann sé lagt verkefni, sem eigi má krefjast til prófsins, þá skal hann því viðvikjandi snúa sér til þess manns, er prófar, eða til einhvers úr prófnefndinni.

102

30. sept.

Prófsveinar skulu mæta stundvíslega á tiltekinni stundu, er auglýst verður á próftöflu, er fest sé upp í prófstofunni.

Mæti prófsveinn ekki á réttum tíma eða án leyfis fari úr þeim stað, er honum var tilvísaður, má vísa honum burt frá prófinu.

Í prófstofunni mega prófsveinar ekki tala saman.

Sannist það, að prófsveinn reyni að fá hjálp eða hjálpi öðrum, skal honum vísað frá prófi, og skal þá svo álitíð, sem hann hafi eigi staðizt prófið.

Gangi prófsveinn frá prófi og kenni sjúkleika um, en sannar síðar með læknisvottorði, að hann hafi verið forfallaður, þá ber að líta svo á, sem hann hafi eigi gengið undir prófið, og má þá prófa hann aftur síðar í prófinu jafn-skjótt sem því verður við komið, og eru þá fyrri svör hans við verkefninu fullgild.

Geti hann þar á móti ekki sannað, að hann hafi haft fullgilda ástæðu fyrir brottveru sinni frá prófinu, skal álitíð, sem hann hafi eigi staðizt prófið.

22. gr.

Sannist það fyrir oddvita prófnefndarinnar, að prófsveinn hafi hegðað sér ósæmilega við prófið, getur oddviti rekið hann frá því.

23. gr.

Við skriflega prófið mega engar teikningar, myndamót eða önnur kenslu-áhöld vera í prófstofunni, og aðeins prófdómendur eða þeir eftirlitsmenn, sem aðstoða þá, mega ganga um eða vera í prófstofunum í úrlausnarstundunum.

Að lokinni úrlausn skriflegra, munnlegra og verklegra verkefna, mega prófsveinar eigi vera inni í prófstofunni, á meðan að próf stendur yfir.

Verði eitthvað af tækjum skólans eða eiganda prófstofunnar fyrir skemmdum af völdum prófsveins, skal hann greiða fullar skaðabætur fyrir eftir mati oddvita prófnefndar.

24. gr.

Við 1. bekkjarpróf skulu gefnar alls 10 einkunnir, sbr. 26. gr., sem sé: 2 einkunnir í stærðfræði (munnl. og skrifl.), 2 einkunnir í eðlisfræði (munnl. og skrifl.), 2 eink. í vélfræði (munnl. og skrifl.), 1 einkunn í teikningu, 2 einkunnir í íslenzku (munnl. og skrifl.), 1 einkunn í dönsku.

25. gr.

Við burtfararpróf skulu gefnar alls 9 einkunnir, sbr. 26. gr., sem sé: 4 einkunnir fyrir 3 skriflegar úrlausnir, skal eitt úrlausnarefnið vera áætlun um raf-lögn, og er einkunnin fyrir úrlausn þessa reiknuð tvöföld, ennfremur 3 einkunnir fyrir munnlegu verkefni, sem eru 3 að tölu. Verklegra prófið er í einu lagi, og skal einkunn sú er þar er gefin, reiknuð tvöföld.

26. gr.

Úrslit prófa ákvarðast þannig:

Gefa skal einkunnir eftir einkunnarstiga þeim, sem hér er talinn:

Ágætlega	=	7
Ágætlega ÷	=	6
Dável	=	5
Dável ÷	=	4
Vel	=	3
Vel ÷	=	2
Laklega	=	1
Laklega ÷	=	0
Illa	= ÷	1
Illa ÷	= ÷	3
Afarilla ÷	= ÷	5

102

30. sept.

Verði prófdómendur eigi ásáttir um, hverja einkunn skuli gefa fyrir frammi-
stöðu í einhverri grein, skal sú einkunn gefin, sem að tölugildi er næst meðal-
talinu af tölugildum einkunnna þeirra, er gefnar hafa verið.

Sé þetta meðaltal mitt á milli tveggja ofangreindra tölugildna, skal gefin
sú einkunn, sem er næst fyrir ofan.

Til að standast 1. bekkjarpróf þarf:

- Í íslenzku meðaleinkunnina 1,5.
- Í stærðfræði: meðaleinkunnina 2,0.
- Í samanlögðum öllum prófgreinum: meðaleinkunnina 3,0.

Til að standast burtfararpróf þarf:

- Í skriflegu prófi fyrir úrlausn á „áætlun um raflögn“ meðaleinkunnina 2,0.
- Í verklega prófinu: meðaleinkunnina 2,0.
- Í samanlögðum öllum prófgreinum meðaleinkunnina 3,0.

27. gr.

Hver prófsveinn, er staðizt hefir prófið, fær að því afloknu vottorð, samið
á íslenzku, dönsku, ensku og þýzku.

Fyrir þá sem unnið hafa 3 ár hjá rafvirkjameistara, skal vottorðið sniðið
eftir þessari fyrirmynd:



PRÓFSKÍRTEINI

N. N.

fæddur

hefir staðizt burtfararpróf rafvirkja úr rafmagnsdeild vélstjóraskólans í
Reykjavík.

102
30. sept.

Við 1. bekkjarpróf fékk hann þessar einkunnir:

Stærðfræði	2 eink.
Eðlisfræði	2 —
Vélfræði	2 —
Teikning	1 —
Íslenzka	2 —
Danska	1 —

Aðaleinkunn 10 eink.

Við burtfararpróf fékk hann þessar einkunnir:

Skrifl. rafmagnsfræði	I lýsing á raftæki, vél e. ö	1 eink.
—	— II reikningsdæmi úr raffræði	1 —
—	— III áætlun um raflögn	2 —
Munnl. rafmagnsfræði	I	1 —
—	— II	1 —
—	— III	1 —
Verklegrafmagnsfræði		2 —

Aðaleinkunn 9 eink.

Reykjavík 19.....

N. N.

N. N.

N. N.

Til að standast 1. bekkjarpróf þarf:

Í íslenzku minnst	3
Í stærðfræði minnst	4
Í aðaleinkunn minnst	30

Hæsta aðaleinkunn við 1. bekkjarpróf er 70.

Til að standast burtfararpróf þarf:

Í skrifl. rafmagnsfræði III minnst	4
Í verkl. rafmagnsfræði minnst	4
Í aðaleinkunn minnst	27

Hæsta aðaleinkunn við burtfararpróf er 63.

Fyrir vélstjóra skal vottorðið sniðið eftir þessari fyrirmynd:



PRÓFSKÍRTEINI

N. N.

fæddur

hefir staðizt rafmagnspróf fyrir vélstjóra við rafmagnsdeild vélstjóráskólans í Reykjavík, og hlotið þar þessar einkunnir:

Skrifl. rafmagnsfræði	I lýsing á raftæki, vél e. ö.	1	eink.
—	—	II reikningsdæmi úr raffræði	1 —
—	—	III áætlun um raflögn	2 —
Munnl. rafmagnsfræði	I	1	—
—	—	II	1 —
—	—	III	1 —
Verkleg rafmagnsfræði	2	—
			Aðaleinkunn 9 eink.

Reykjavík 19....

N. N.

N. N.

N. N.

Til að standast prófið þarf:

Í skrifl. rafmagnsfræði III minnst 4

Í verkl. rafmagnsfræði minnst 4

Í aðaleinkunn minnst 27

Hæsta aðaleinkunn er 63.

28. gr.

Tveir listar yfir hinar gefnu einkunnir við prófin skulu skrifaðir af prófnefndinni, aðallistinn skal undirskrifaður af prófnefndinni að afloknu prófi; afritið skal, eftir að prófdómendur hafa komið sér saman um einkunnirnar, fest upp á einhverjum þeim stað, er prófsveinar geta séð einkunnir sínar.

Að afloknu prófi skrifa prófdómendur hinar gefnu einkunnir, er hver prófsveinn hefir hlotið, í þar til gerða bók í tveim eintökum, og skal annað eintakið geymast hjá skólustjóra, en hitt á Landsbókasafninu.

Í þessa bók skal rita nöfn prófsveina, fæðingarstað, dag og ár, einnig hin skriflegu verkefni.

Prófbókin skal undirrituð af prófnefndinni.

30. sept.

Til 1. bekkjarprófs útheimtist:

1. Í stærðfræði: Kunnátta á almennum talna- og bókstafareikningi, flatar- og rúmmálsfræði.
2. Í eðlisfræði: Kunnátta í aflfræði, hljóðfræði, ljósfræði, hitafræði og raf- og segulfræði.
3. Í vélfræði: Að þekkja frumatriði vélfræðinnar, almenna vélahluti, einkanlega með tilliti til rafvéla; svo og ýmsar algengar aflvélar.
4. Í teikningu: Að geta gert uppdrætti af einföldum vélahlutum eftir ákveðnum mælikvarða.
5. Í islenzku: Að geta gert islenzkan stíl um almennt efni, skýrt og nokkurnvegin rétt.
6. Í dönsku: Að geta lesið og þýtt léttan kafla í danskri bók.

30. gr.

Til burtfararprófs útheimtist:

Í raffræði: Þekking á undirstöðuatriðum raffræðinnar og einföldum rafmælingum, á rafhlöðum og allskonar rafvélum og raftækjum, gerð þeirra, uppsetningu og gæzlu, ennfremur kunnáttu í lagningu allskonar raflagna. Prófsveinar skulu geta fundið orsakir algengra bilana á tækjum þessum og lögnum, þeir skulu geta áttað sig á tengimyndum. Auk þess skulu þeir kunna að deyfa útvarpstruflanir raftækja og véla. Þeir skulu þekkja lög og reglugerðir um allt er að þessu lýtur, ennfremur skulu þeir vita um lífshættu þá, er getur stafað frá rafmagni, og kunna að gera einfaldar endurlifgunartilraunir.

Auk þess útheimtist í öðrum greinum, það sem nauðsynlegt er til fulls skilnings á raffræðinni.

31. gr.

Skólastjóri ákveður eftir að hafa leitað tillagna kennaranna, hvaða bækur skuli notaðar við kennsluna.

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað.

Þetta birtist öllum þeim, er hlut eiga að máli, til leiðbeiningar.

Kennslumálaráðuneytið, 30. september 1935.

Haraldur Guðmundsson.

Gissur Bergsteinsson.